

Alþingi
Erindi nr. P 135/2773
komudagur 15.5.2008

Nefndasvið Alþingis

Varðandi umsögn um þingsályktun um flýtingu framkvæmda við samgönguáætlun 2007-2010.

Frá bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Óskað er eftir að sett verði inn í ályktunina heimild til að vinna megi undirbúningsgögn til útboðs / frávikstilboðs vegna Miðfjarðaganga samhliða útboði á Norðfjarðagöngum.

Fyrir liggur að sveitarfélögin þrjú á miðausturlandi (Seyðisfjörður – Fjarðabyggð og Fijótsdalshérað) í samstarfi við Samgönguyfirvöld eru að láta vinna faglega “úttekt og fýsileikaskýrslu” á möguleikum , hagkvæmni og kostnaði við gerð jarðganga á Miðausturlandi í einni framkvæmd sem tengi saman Eskifjörð -Norðfjörð -Mjóafjörð - Seyðisfjörð og Egilsstaði. Skýrslan er unnin af Línuhönnun og Háskólanum í Prándheimi.

Niðurstöður úr þeirri vinnu munu liggja fyrir innan skamms.

Jarðfræði svæðisins er vel þekkt og a.m.k tvær opinberar jarðaganganeindir voru starfandi önnur á áttund og hin níunda áratugnum sem fjölluðu um svæðið og lögðu fram tillögur um gangaleiðir.

Fyrir liggur ákvörðun samgönguyfirvalda um flýtingu framkvæmda við Norðfjarðargöng (Milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.) með útboði 2009 og verklokum 2012.

Yfirlýstur vilji samstarfaðilanna er að skynsamlegt sé, ef aðstæður leyfa, að stefna á þann möguleika að setja megi fram frávikstilboð á allri gangaleiðinni samfara útboði á Norðfjarðagöngum en þau eru fyrsti áfanginn í framkvæmdinni.

Eina leiðin til þess að fá fram raunkostnað markaðarins á slíka heildarframkvæmd er að bjóða alla gangaleiðina út í einu .

Vegna ákvörðunar um flýtingu Norðfjarðarganga um eitt ár er nauðsynlegt að kraftur verði settur í frekari undirbúningsvinnu við samvinnuverkefni sveitarfélaganna og samgönguyfirvalda um Miðfjarðargöng svo tilætluðum heildaráfanga verði náð.

Til að slík undirbúningsvinna útboðsgagna fái framgang, ef skilyrði eru fyrir hendi, er nauðsynlegt að til sé heimild í viðauka samgönguáætlunar.

F.h. Bæjarstjórnar Seyðisfjarðar.
Ólafur Hr. Sigurðsson, bæjarstjóri Seyðisfirði.